

ast við verðleiðréttingu á peningalegum liðum í efnahagsreikningi. Ef birgðir eru meðhöndlaðar sem peningalegur liður við útreikning á verðbreytingarfærslu er eigi að síður nauðsynlegt að leiðrétta kostnaðarverð seldra vara fyrir áhrifum þess hluta færslunnar sem á rætur sínar í birgðum.

5. Gildistaka.

29. *Reglur þessar taka til reikningsskila sem samin eru fyrir tímabil sem hefjast 1. janúar 1995 eða síðar.*

Reykjavík, 7. júní 1995.

**Stefán Svavarsson.
Sigurður Þórðarsson.
Heimir Haraldsson.
Snorri Olsen.
Árni Ólafur Lárusson.**

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Hveragerði 1995.

1. gr.

Árgjald fyrir að halda hund í Hveragerði sbr. staflið c í 2. gr. samþykktar nr. 293/1988 um hundahald í umdæmi Hveragerðisbæjar, skal vera kr. 7.900 á árinu 1995.

Gjaldið greiðist fyrirfram og óskipt fyrir allt tímabilið, þó eigi síðar en á eindaga, sem er 1. júní 1995.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald ásamt ábyrgðartryggingu.

2. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 4. og 6. gr. samþykktar nr. 293/1988 skal vera kr. 4.000.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðis, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að gilda árið 1995.

Umhverfísráðuneytið, 19. júní 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.